| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennari** | Katrín Harðardóttir | **Sk.st.** | KAH |

**Áfangalýsing:**
Gert er ráð fyrir að nemendur, sem hefja nám í þessum áfanga, hafi fullt vald á bókhaldshringrásinni, geti hafið bókhald og lokað því samkvæmt reglum tvíhliða bókhalds. Þessi kunnátta er dýpkuð verulega meðal annars með erfiðari færslum.
Farið er yfir bókun á helstu reikningum fyrirtækja; notkun fyrningareikninga við afskriftir eigna, bókun verðbréfa, hlutabréfa, skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga og notkun affallareiknings.
Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning; tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, kostnað og fyrirkomulag við geymslu á vörum í tollvörugeymslu. Uppgjörsfærslum er haldið áfram, bæði í gegnum aðalbók og reikningsjöfnuð. Farið er yfir bókanir í sambandi við stofnun og slit fyrirtækja, breytingar á réttarformi, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

**Markmið áfangans:**

Að nemandi:

- Kunni skil á færslum vegna innflutnings á vöru, helstu innflutningsskjölum tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, gengisbreytingum og kostnaði og fyrirkomulagi við geymslu á vöru í tollvörugeymslu.
- Geti reiknað og bókað verðbætur, vexti og afborganir af verðtryggðum skuldabréfum.
- Geti bókað færslur sem tengdar eru hlutabréfaeign; arður, gengisbreytingar, jöfnunarhlutabréf og svo framvegis.
- Kunni að meðhöndla mismunandi virðisaukaskatt í bókhaldi.
- Dýpki skilning sinn á færslum í launabókhaldi varðandi skil á; staðgreiðsluskatti, framlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi.
- Geti unnið með viðskiptamannabókhald, sérstaklega með tilliti til innheimtu og afskrifta á viðskiptaskuldum.
- Geti bókað færslur sem varða stofnun og slit fyrirtækja.
- Geti bókað færslur sem varða breytingu á réttarformi fyrirtækja, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu þeirra.
- Dýpki skilning sinn á færslum í launabókhaldi varðandi skil á; staðgreiðsluskatti, framlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi.
- Geti unnið með viðskiptamannabókhald, sérstaklega með tilliti til innheimtu og afskrifta á viðskiptaskuldum.

| Tegund | Námsgögn |
|---|---|
| Bækur | Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson (ný útgáfa 2009).<br>Bókfærsla II eftir Tómas Bergsson (ný útgáfa 2008) |
| Verklegar æfingar | Verkefni vinna nemendur í verkefnabókina bæði í tíma og heima. |

**Áætlun um yfirferð:**

| Vika | Námsefni | Verkefni |
|---|---|---|
| 1 | Kynning á áfanganum. | |
| 2 | Tapaðar kröfur. | 25, 26, 27 |
| 3 | Birgðir, Fasteignareikningur, Bifreiðareikningur, Fastafjármunir, Veltufjármunir, Veðskuldir, Áhvílandi skuldir. | 28, 29, 30 |
| 4 | Gjöld vegna fasteigna og bifreiða, Leigutekjur, Viðskipti við útlönd, Tollur og Virðisaukaskattur í tolli. **Stöðupróf** | 31, örstutt æfing og 32 |
| 5 | Gengismunur, erlendar skuldir við reikningslokun. | 33 og 34 |
| 6 | Fyrirfram innheimtar og óinnheimtar tekjur við reikningslokun, Aðrar tekjur, Launabókhald og launatengd gjöld. | 35, 36, 37 |
| 7 | Launaseðill. **Stöðupróf** | Launaseðill, 38 |
| 8 | | 39, og 40 |
| 9 | Kostnaðarreikningar. | 41, 42 og 43 |
| 10 | **Stöðupróf** | 44 og 45 |
| 11 | Tapaðar kröfur og virðisaukaskatturinn. | 1, 2, |
| 12 | Meðalálagning og mat vörubirgða, Skuldabréf. | 3, 4 og 5 |
| **13** | Afföll skuldabréfa. | 6, 7, 8, |
| 14 | Sameignarfélög, Hlutafélög. | 9, 10, 11 |
| 15 | **Stöðupróf** | 12, 13,14 |
| 16 | Páskafrí. | |
| 17 | **Upprifjun á námsefni annarinnar.** | Upprifjun |

## Námsmat og vægi námsþátta:

| **Námsmat** | **Lýsing** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Skriflegt | Próf í lok annar.<br>Prófið samanstendur af dagbókarverkefni sem gildir 50% og reikningsjöfnuði og höfuðbók sem gildir 50%.<br>Nemandi verður að ná 5 á lokaprófi til að vertrarvinna komi til einkunnar. | 60% |
| Skyndipróf | 4 stöðupróf verða á önninni og gilda þrjú þau bestu, samtals 30%. | 30% |
| Frammistaða á önn | Ástundun og vinnusemi þ.m.t. mæting. | 10% |
| Annað | Fái nemandi 8 í meðaleinkunn í stöðuprófunum fjórum eða hærra og sé mæting hans ekki minni en 90% getur hann valið að sleppa lokaprófi og gildir þá vetrareinkunn sem lokaeinkunn:<br>Fjögur stöðupróf 90% og ástundun og vinnusemi þ.m.t. mæting 10%. | 100% |
| Útreikningur einkunna á prófum. | Villulaust próf gefur einkunnina 10. 1,0 er dreginn frá fyrir hverja villu. Á lokaprófi er litið á hvorn hluta sem sérstakt próf þannig að í raun er dreginn ½ frá fyrir hverja villu. | |

**Dagsetning:** 5/1 2011
Katrín Harðardóttir
Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils